

**Bókaumræða:**

**DJ Bambi** (2023), höfundur: Auður Ava Ólafsdóttir.

Bókin lýsir mjög vel líðan, togstreitu og bið vegna kynskiptiaðgerðar. Áhugaverð bók sem fær fólk til að skilja þetta ferli svo miklu betur. Þær stöllur mæla með bókinni.

Umfjöllun: Þorgerður Sigurðardóttir og Sigríður Magnúsdóttir.

Sigríður Magnúsdóttir segir einnig mjög stuttlega frá bókinni:

**Bullshit Jobs** (2018), höfundur: David Graeber.

Bókin byggir á rannsókn, samtöl voru tekin við fólk sem metur eigið starf óþarft. Áhugaverð lesning.

**Sumarblóm og heimsins grjót** (2023), höfundur: Sigrún Alba Sigurðardóttir.

Bókin er byggð á ævi ömmu höfundarins en er skáldsaga. Sagan er áhugaverð og er þetta fyrsta bók höfundar.

Umfjöllun: Selma Hauksdóttir

**Valskan** (2023), höfundur: Nanna Rögnvaldsdóttir.

Saga sem gerist á 18. öld segir frá Valgerði sem er prestdóttir og átti stórmerkilega ævi. Bókin er þó mikil hörmungarsaga. Áhugaverð kort og ættartré sem eru heillandi við bókina. Fram kemur að mikið er um matarlýsingar í bókinni. Mikil heimildarvinna og spennandi bók sem þær stöllur mæla hiklaust með.

Umfjöllun: Minnie Eggertsdóttir, Björk Sigurðardóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir

**Sólarsystirin** (2023), höfundur: Lucinda Riley.

Sjötta bókin í seríunni um systurnar sjö. Heilmikil sagnfræði í þessum bókum sem eru bæði skemmtilegar og fróðlegar.

Umfjöllun: Lilja Sæmundsdóttir

**Land næturinnar** (2023), höfundur: Vilborg Davíðsdóttir.

Undanfari bókarinnar er *Undir Yggdrasil*. Sagan fylgir Þorgerði sem komin er til Noregs en hún var barnabarn Auðar djúpugðu. Mikil heimildarvinna að baki sem og fyrir höfund að koma sér inn í trúarbrögð og siði þessa tíma. Vilborg fléttar söguna meistaralega vel saman og segir María nýtt ljós koma á fornsögurnar með þessari bók.

Umfjöllun: María Steingrimsdóttir

**Marrið í stiganum** (2018), höfundur: Eva Björg Ægisdóttir.

Skemmtileg skrif og hefur höfundurinn fengið bæði tilnefningar og verðlaun fyrir bækur sínar en hún hefur skrifað fimm bækur eftir að Marrið í stiganum kom út.

Umfjöllun: Anna Þóra Baldursdóttir

**Mennirnir með bleika þríhyrninginn** (2013), höfundur: Heinz Heger.

Bókin fjallar um samkynhneigðan mann sem ákærður er fyrir "alvarlegan saurlifnað" og dæmdur til þrælkunar. Þetta er saga höfundar um það hvernig hann lifir af sex ára skelfilega fangavist. Bókin er skrifuð 1972.

Umfjöllun: Kristín Guðbjörg Snæland

## Bókalisti og umfjöllun frá bókafræðingum 15. janúar 2024

***Snjór í Paradís*** (2023), höfundur: Ólafur Jóhann Ólafsson.  
Smásaga eins og smásögur gerast bestar. Afar vel gerð bók.  
Umfjöllun: Hanna Salómons dóttir

***Hlutskipti*** (2023), höfundur: Jóna Ingibjörg Bjarnadóttir (meðhöfundur/skrásetjari Jón Hjartarson).  
Saga þriggja kynslóða en bókarhöfundur segir sögu sína. Ótrúleg saga fátæktar og hörmungar og í raun svo stutt síðan hún gerist. Sagan rennur vel.  
Umfjöllun: Elín Elísabet Magnúsdóttir

***Ég verð aldrei ungrú meðfærileg*** (2023), höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir ritar bókina.  
Þetta er ævisaga Guðrúnar Jónsdóttur og er saga af magnaðri konu. Margt sem hægt er að átta sig betur á við lestur bókarinnar. Depurð og gleði í sögunni en líka þessi kvennasaga, mikil persónuleg saga. Eindregið mælt með lestri bókarinnar.  
Umfjöllun: Fríða Pétursdóttir

***Kjöt*** (2023), höfundur: Bragi Páll Sigurðsson.  
Bókin fjallar um Sturlaug sem er listamaður. Sagan er í raun ádeila á listamannaheiminn. Þetta er áhugaverð en mjög grótesk bók og veit AB hreinlega ekki hvort hún getur mælt með henni 😊  
Umfjöllun: Aðalbjörg Bragadóttir

***Töfralandið*** (2020), höfundur: Bergrún Íris Sævarsdóttir.  
Þetta er barnabók og er hún lofsöngur höfundar um bækur en Bergrún Íris er margverðlaunaður höfundur fyrir teikningar sínar og texta. Afar falleg bók fyrir lítið fólk.  
Umfjöllun: Sirrý

***Ból*** (2023), höfundur: Steinunn Sigurðardóttir.  
Mjög góð bók með fallegu máli sem fjallar um unga konu. Rósa mælir með bókinni og hefur sett greinargóða lýsingu inn á fésbókarsíðu deildarinnar.  
Umfjöllun: Rósa Kristín Júlíusdóttir

***The Power of Fun: How to Feel Alive Again*** (2021), höfundur: Catherine Price.  
Bókin byggir á rannsóknum á gleði. Höfundur talar um *the true fun*. Mikilvægt er að hugsa markvisst um hvað okkur finnst raunverulega skemmtilegt.  
Umfjöllun: Vaka Óttarsdóttir

***Kynlegt stríð*** (2023), höfundur: Bára Baldursdóttir, sagnfræðingur.  
Bókin fjallar um „ástandið“ í nýju ljósi. Höfundur fékk aðgang að tveimur lykilsöfnum á þjóðskjalasafni á meðan hún vann bókina. Það var mjög ill meðferð á þessum konum/stúlkum og kom Anítu á óvart hversu grimmt var gengið.  
Umfjöllun: Aníta Jónsdóttir